

# Áfangalýsing - heimspeki



## Framhaldsskóli

Menntaskóli Borgarfjarðar

## Námsgrein/ Lýsandi nafn á áfanga

HEI102 Heimspeki

## Fjöldi eininga

2

## Undanfari

SIÐ102

## Lýsing á efni áfangans:

Fjallað er um upphaf vestrænnar heimspeki, hellislíkingu Platóns, rökhyggju Descartes og raunhyggju Humes, auk hugmynda Kants um sjálfstæði skynseminnar. Fjallað er á gagnrýninn máta um vísindalega þekkingu, hvernig hún verður til, og hvernig vísindalegar framfarir verða. Lesnir verða kaflar (í íslenskri þýðingu) úr bók Thomas Kuhn, *Vísindabyltingar*. Hugað verður að gagnrýni “póstmóðernista” á vísindahyggju og algildan sannleika, og viðbrögðum vísindamanna við meintu “tískubulli” og gervivísindum.

## Kennslugögn:

Heimspekisaga eftir Gunnar Skirbekk og Nils Gilje; gögn frá kennara

## Námsmat:

Ýmis verkefni (70%); drög að lokaritgerð (10%); lokaritgerð (20%)

# Áfangalýsing - heimspeki

Lokamarkmið áfanga:

## **Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á :**

- helstu kenningum í þekkingarfræði
- muninum á skoðun og þekkingu
- muninum á afleiðslu- og aðleiðsluaðferð
- vísindalegri aðferð
- gagnrýni á vísindahyggju

## **Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- skilja umfjöllun um heimspekileg efni
- beita helstu hugökum heimspekinnar á skýran og skilmerkilegan hátt
- greina kvikmyndir/frásagnir með tilliti til tilvísana í heimspekilegar spurningar
- setja fram spurningar og taka þátt í heimspekilegri umræðu
- tjá kunnáttu sína á munnlegan og skriflegan hátt

## **Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- afla sér þekkingar á gagnrýninn hátt
- gera sér grein fyrir mikilvægi gagnrýninnar umræðu
- afla sér upplýsinga um heimspekileg efni, greina aðalatriði þeirra og nýta sér til frekari vinnslu
- vinna sjálfstætt og í samvinnu við aðra á gagnrýninn hátt
- takast á við heimspekilegar spurningar í daglegu lífi